



Reglur um birtingu gagna með fundargerðum í ráðum og nefndum Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Markmið

Stefna bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er að stjórnýsla sveitarfélagsins sé opin og gagnsæ og að unnt sé að fylgjast með einföldum hætti með störfum bæjarstjórnar og nefnda.

Reglum þessum er ætlað að tryggja að íbúar Ísafjarðarbæjar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og samtaka sem það á aðild að, sem lögð eru fram í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

Markmið reglnanna er jafnframt að birting gagna með fundargerðum sé samræmd og byggð á málefnalegum forsendum í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012, stjórnýslulög nr. 37/1993 og lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir ráð og nefndir Ísafjarðarbæjar á vef sveitarfélagsins.

3. gr.

Meginreglan um birtingu gagna

Við birtingu á fundargerðum ráða og nefnda Ísafjarðarbæjar á vef sveitarfélagsins skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, nema undantekningarreglur 4. og 5. gr. reglna þessa eða lög hindri slíka birtingu.

4. gr.

Gögn sem óheimilt er að birta

Gæta skal þess að birta ekki gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum eða persónuverndarlögum.

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

- Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
- Vinnuskjöl og innri minnisblöð til eigin nota.
- Gögn sem varða einstaka starfsmenn sveitarfélagsins.
- Gögn sem falla undir ákvæði laga um þagnarskyldu og persónuvernd.

5. gr.

Gögn sem ekki er skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- Gögn er varða tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaga.
- Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.
- Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.

6. gr.

Áhrif persónuverndar á birtingu gagna með fundargerðum

Hafi gögn sem birt eru með fundargerðum að geyma upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, telst slík birting til vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir efnislegt gildissvið laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við birtingu gagna sem innihalda persónuupplýsingar skal meðferð þeirra ávallt vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og meginreglur 8. gr. persónuverndarlaga. Það er ófrávíkjanlegt skilyrði vinnslu persónuupplýsinga að þær skulu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Fari svo að persónuupplýsingar sem leynt skulu fara samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga, verði birtar fyrir mistök í fundargerð eða í gögnum með fundargerð á vef Ísafjarðarbæjar, skal grípa strax til viðeigandi ráðstafana til að vernda þær persónuupplýsingar sem um ræðir. Skal taka viðkomandi gögn úr birtingu við fyrsta tækifæri og viðkomandi gögn ekki birt aftur nema lög heimili og þá þannig að búið sé að afmá þær persónuupplýsingar sem leynt skulu fara. Að öðru leyti skal fara skal með öryggisbresti í samræmi við persónuverndarlög og persónuverndarstefnu Ísafjarðarbæjar.

7. gr.

Ábyrgð

Rétt birting gagna með fundargerðum er á ábyrgð þess sem ritar fundargerð og annast frágang hennar til birtingar á vefsíðu Ísafjarðarbæjar.

Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal bæjarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti.

8. gr.

Upplýsingaréttur

Að öðru leyti en hér er kveðið fer um upplýsingarétt almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru setta með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Reglur þessar voru samþykktar á xx. fundi bæjarstjórnar þann xx og taka þegar gildi.